

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir og Halldór Sævar Guðbergsson. Varastjórn: Hrannar B. Arnarson, Kristín Ólafsdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Árni Einarsson, sem ritaði fundargerð,
Forföll tilkynntu: Ásdís Eva Hannesdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Lýsing á vinnuhópum
3. Samningur við Reykjavíkurborg
4. Ráðning Stefaníu
5. Áherslumræðan—dagskrá vetrarins
6. Hvenær siðaregluvinnustofa?
7. Skattalagaumræða
8. Nýting húsnæðis
9. Norrænt samstarf
10. Önnur mál

1. Fundargerðin verður afgreidd á næsta fundi stjórnar þar sem hún hafði ekki borist öllu stjórnarfólki.
2. Drög að skipan og verklýsingu vinnuhópa kynnt og rædd. Eftirfarandi hópar munu starfa: **Kynning á breyttu starfsumhverfi** Jónas (leiðir). **Kynning og fræðsla** Árni (leiðir). **Siðaregluhópur** Ketill Magnússon (leiðir). **Heimsmarkmiðahópur** Hildur Helga (leiðir). **Lýðræðishátíðarhópur, fundur fólksins** Helgi Pétursson (leiðir). **Laga- og aðildarfélagahópur** Vilmundur (leiðir). **Húsnefnd** Vilmundur (leiðir). Gert er ráð fyrir að vinnuhóparnir hittist um það bil mánaðarlega.
3. Reykjavíkurborg hefur sent Almannaheillum tillögu um breytingu á samkomulagi um Fund fólksins sem gerir ráð fyrir að núverandi samningur verði framlengdur um eitt ár, eða til ársins 2023, án þess að til frekari greiðslna komi. Ástæðan er sögð sú að ekki hafi að fullu verið staðið við samninginn þar sem fundurinn 2020 féll niður. Skilningur stjórnar Almannaheilla er sá að samkomulag hafi verið um þá ákvörðun að fella fundinn 2020 niður.
Samþykkt að taka saman greinargerð um framkvæmd samningsins og óska eftir viðræðum við borgina í framhaldinu.
4. Samþykkt sú breyting á ráðningu Stefaníu að hún verði ráðin sem verktaki fram að áramótum. Einnig rætt um framtíðarskipan starfsmannahalds.
5. Lögð fram samantekt frá vinnufundi 4. október síðastliðinn um helstu áherslur í starfi vetrarins og forgangsverkefni.
Samþykkt að Árni setji upp drög að mánaðaskiptri verkefnaáætlun fram til júnímánaðar á næsta ári. Tekið verður tillit til samstarfs við Vaxandi í áætluninni.

Drögin verða rædd á næsta fundi stjórnar.

6. **Samþykkt að stefna að vinnustofu um siðareglur um miðjan nóvember. Óskað verður eftir þátttöku aðildarfélaganna í fundinum og þátttöku í endurskoðun reglnanna. Fundurinn er liður í endurskoðun siðaregla Almannaheilla og haft í huga að þær geti verið viðmið eða fyrirmynd annarra samtaka í þriðja geiranum. Formaður setur undirbúning af stað.**
7. Beðið er nánari upplýsinga frá Ríkisskattstjóra um framkvæmd nýju laganna sem taka gildi 1. nóvember næstkomandi.
Haldið verður áfram að þrýsta á embættið um framkvæmdina. Þegar hún liggur fyrir mun Almannaheill kynna hana fyrir aðildarfélögum.
8. Aðildarfélög hafa verið upplýst um að þau geti notfært sér húsnæðið í Urriðaholtsstrætinu til fundahalda og vegna annarra verkefna eftir atvikum.
Samþykkt að ítreka þetta á vefsíðunni og með bréfi til aðildarfélaganna.
9. Í nóvember verður haldinn, samhliða fundi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn, fundur Nordic Civil Society Network. Starf tengslanetsins er liður í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030. Fjörutíu norræn samtök eiga fulltrúa í netinu, þar af fjögur íslensk, Almannaheill þar á meðal.
Samþykkt að Hildur Helga verði fulltrúi Almannaheilla á fundinum.
10. Önnur mál
 - a. Nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt 400 þúsund króna styrk til Almannaheilla.
 - b. Rætt um styrkjamál. Samþykkt að sækja um styrk hjá félagsmálaráðuneytinu. Umsóknarfrestur er til 8. nóvember næstkomandi.
 - c. Óskað var eftir að fá að heimsækja Öryrkjabandalagið í desember næstkomandi til þess að kynna starfi þess. Halldór tók að sér að undirbúa heimsóknina.

Fundi slitið kl. 10:30.